

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

89. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn miðvikudaginn 6. desember 2022. Fundurinn var fjárfundur haldin í Teams og hófst hann kl. 8:30.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal og Oddur S. Jakobsson. Af hálfu SNS mættu Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. boðuðu forföll.

Pá var gengið til dagskrár:

1. Launaþróun stjórnenda innan KÍ og ósk FT um breytingar á kjarasamningi.

Á 87. fundi fór FT yfir stöðu mála hvað varðar kjarapróun stjórnenda og félagsmanna FT og benti á tvö atriði, þar sem að mati félagsins hefur skapast ójafnræði þegar horft er til gerðar síðasta kjarasamnings. Á 88. fundi samþykkti SNS að setja inn ákvæði um fæði og mötuneyti en taka til frekari skoðunar óskir FT um breytingar sem fela í sér að taka upp ákvæði um persónuálags vegna viðbótarmenntunar fyrir stjórnendur sbr. ákvæði hjá SÍ og FSL.

SNS gerði grein fyrir skoðun sinni á ósk FT um upptöku persónuálags vegna viðbótarmenntunar fyrir stjórnendur sbr. ákvæði hjá SÍ og FSL. Málið var rætt.

Niðurstaða:

Aðilar urðu sammála um að vísa framangreindu til skoðunar í starfshópi skv. bókun 1 og í framhaldinu verði málið tekið upp í kjaraviðræðum. Kjarasamningur aðila er með gildistíma til 31. mars 2023.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 9:00.